

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 129

Apríl 2014

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 6. maí 2014 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Leit að herflugvélum í Grænlandsjökli,  
Helgi Björnsson.  
Myndasýning frá ferðum til Suðurskautslandsins,  
Sverrir Hilmarsson.

## VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Helgi Björnsson mun flytja erindi um leit að týndum flugvélum í ís Grænlandsjökuls en að loknu kaffihléi sýnir Sverrir Hilmarsson myndir úr ferðum til Suðurskautslandsins.

### LEIT AÐ HERFLUGVÉLUM Á GRÆNLANDSJÖKLI ÞRJÁTÍU ÁRA GÖMUL SAGA AF SJÖTUGUM FLUGVÉLUM

Árið 1983 tóku nokkrir félagar í JÖRFI þátt í leiðangri, sem tókst að finna sex bandarískar herflugvélar sem nauðlentu á Grænlandsjökli sumarið 1942. Á annan tug leitarhópa höfðu þá í 5 ár reynt að finna vélarnar. Loks var ein þeirra grafinn upp árið 1992.

Rifjaðar verða upp minningar frá þessari flugvéla leit og sögu flugvéla.

**Helgi Björnsson**



## SUMARFERÐ

Að þessu sinni er sumarferð Jöklarannsóknafélagsins fyrirhuguð á Okjökul fyrstu helgina í júlí (4.-6.). Í fyrra varð félagið frá að hverfa vegna afleits veðurs en þegar hefur verið hafist handa við að blíðka veðurguðina svo vonir standa til að betur gangi að þessu sinni.

Flestir kannast við Okið, sem er grágrýtisdýngja með toppgíg, áþekkt Skjaldbreið. Dýngjulögunin blasir vel við af Kaldadal en úr Borgarfjarðardölum ber meira á Oköxlinni, sem er móbergsfjall utan í dýngjunni. Jökullinn á Oki hefur látið mjög á sjá á undanförmum árum, og reyndar er óljóst hvort hann teljist enn jökull. Lón hefur verið að myndast í toppgígnum, þar sem hluti jökulhettunnar lá áður yfir.



**Mynd: Okjökull 15. september 2003 (Oddur Sigurðsson).**

Áætlað er að ganga frá Kaldadal upp á hæsta koll Oksins og litast um í kringum lónið nýja sem stundum er nefnt "Blávatn". Ekki eru þekktar heimildir af sundferðum í lóninu en mögulega tekur einhver af skarið í sumarferðinni og öðlast titilinn "ekkert blávatn"? Af Okinu er mikilfenglegt útsýni til Langjökuls, Eiríksjökuls og Þórisjökuls. Síðan verður gengið norður af dýngjunni og niður í tjaldstað við Hringsgil,

vestarlega í landi Húsafells. Í Hringsgili verður slegið upp grillveislu um kvöldið. Á sunnudeginum verður ekin fáfarin jeppaslóð til vesturs frá tjaldstað, meðfram Reykjadalásá.

Fararstjóri ferðarinnar verður Þorsteinn Þorsteinsson en Hálfán Ágústsson aðstoðar við skráningu í ferðina, í netfanginu: [sumarferd@gmail.com](mailto:sumarferd@gmail.com) eða í síma 8659551. Frekari upplýsingar um ferðina birtast á vefsíðu félagsins: "<http://www2.jorfi.is>" er nær dregur.


## VEFMYNDAVÉLAR Á GRÍMSFJALLI OG Í KVERKFJÖLLUM

Nýlega var sett upp vefmyndavél á vesturgafli gamla skálans á Grímsfjalli, en vélin horfir yfir Grímsvötn. Myndir úr vélinni eru nú aðgengilegar á vefnum, sem og myndir úr eldri vefmyndavélum í Kverkfjöllum: „<http://vedur2.mogt.is/grimsfjall/webcam/>“ og „<http://vedur2.mogt.is/kverkfjoll/webcam/>“.

## HLAUP ÚR GRÍMSVÖTNUM

Lítið hlaup úr Grímsvötnum kom í Gígjukvísl á Skeiðarársandi dagana 23. mars til 4. apríl. Hlaupið kom fram í fyrrum útfalli Skeiðarár en fylgdi svo jaðri jökulsins til vesturs í Gígjukvísl. Samkvæmt mælingum Jarðvísindastofnunar Háskólans runnu um það bil 0,2 km<sup>3</sup> af vatni úr Grímsvötnum og yfirborð íshellunnar lækkaði um nærri 20 m á meðan á hlaupinu stóð. Starfsmenn Veðurstofunnar mældu rennsli Gígjukvíslar um 680 m<sup>3</sup>/s nærri hámarki hlaupsins, um miðjan dag þann 28. mars. Þeir mældu einnig rafleiðni og sýrustig hlaupvatnsins nærri útfallinu auk styrks brennisteinsvetnis (jöklaflýlu) í lofti. Styrkur brennisteinsvetnis var vart mælanlegur og ekki var mikil lykt á svæðinu. Rafleiðni Gígjukvíslar var óvanalega há og var vaxandi í nokkrar vikur fram að hlaupinu sem bendir til að sífellt meira jarðhitavatn hafi verið að koma í ána, jafnvel síðan 20. janúar. Þetta jarðhitavatn er líklegast leki frá jarðhita-svæðunum við Grímsfjall eða úr Grímsvötnum. Seinasta hlaup úr Grímsvötnum fyrir þennan atburð var í nóvember 2012 og var það hlaup svipað að stærð.


**Bergur Einarsson**



Vatnshæð og leiðni í Gígjukvísl dagana í kringum hlaupið. Vert er að hafa í huga að vatnshæðarmælingar í Gígjukvísl eru ekki rennslisgæfar því farvegurinn undir brúnni getur verið mjög breytilegur; áin getur bæði grafið sig eða fyllt upp í ála, breytt úr sér eða dregið sig saman. Því er ekki fast samband milli vatnshæðar og rennslis. Hnúður á vatnshæðinni á rísandi hlið hlaupsins er tilkominn vegna mikillar úrkomu sem bætti tímabundið í rennslis árinna.

## GRÍMSVATNAGRALLARI

Nýlega endurútgefinn Grímsvatnagrallari verður til sölu á vörfundum Jökla-  
 rannsóknafélagsins. Endurprentuð  
 útgáfu af gamla Grallaranum, hefti með  
 sönglögum jöklamanna ásamt nýjum  
 formála, verður til sölu fyrir kr. 2.000,-  
 en greiða þarf með reiðufé.



## AÐALFUNDUR 2014

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn 26. febrúar síðastliðinn í Öskju. Fundarstjóri var kosin Steinunn Jakobsdóttir og Finnur Pálsson fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Nokkrar breytingar urðu á stjórn: úr aðalstjórn gekk Þorsteinn Þorsteinsson og í hans stað var kosinn Hálfván Ágústsson. Hálfván gekk úr varastjórn ásamt Hallgrími Þorvaldssyni, en í þeirra stað voru kosin Ragnar Þór Jörgensen og Guðfinna (Tollý) Aðalgeirsdóttir. Fundargjörð aðalfundar er aðgengileg á vef félagsins:”[http://www2.jorfi.is/wp-content/uploads/2014/03/Adalfundur\\_JoklarannsóknafelagsIslands\\_2014.pdf](http://www2.jorfi.is/wp-content/uploads/2014/03/Adalfundur_JoklarannsóknafelagsIslands_2014.pdf)”. Á fyrsta stjórnarfundum 3. mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var staðfest á stjórnarfundum 7. apríl.

### Stjórn JÖRFÍ 2014:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður  
Magnús Hallgrímsson, varaformaður  
Valgerður Jóhannsdóttir, gjaldkeri  
Hálfván Ágústsson, ritari  
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

**Varastjórn:** Ragnar Þór Jörgensen, Vilhjálmur S. Kjartansson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir og Þóra Karlsdóttir.

### Nefndir JÖRFÍ:

**Rannsóknanevnd:** Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hálfván Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Bilaneftnd:** Árni Páll Árnason formaður, Eiríkur Lárússon, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Sigurður Vignisson.

**Skálanefnd:** Ragnar Þór Jörgensen formaður, Aðalsteinn Svavarsson Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Pálsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

**Ferðanefnd:** Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Lárússon, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson og Þorsteinn Jónsson.

**Ritstjórar Jökuls:** Bryndís Brandsdóttir, Leó Kristjánsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

**Ritneftnd Jökuls:** Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

**Skemmtineftnd:** Anna Línal, Ágúst Þór Gunnlaugsson, Baldur Bergsson og Guðfinna Aðalgeirsdóttir.


**Valneftnd:** Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

**Gjörftneftnd:** Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir.

## FÉLAGSGJÖLD JÖRFÍ

Félagsgjöld JÖRFÍ hækkuðu lítillega frá síðasta ári. Félagsgjöldin hafa verið ákveðin kr. 6.000,- á þessu ári en nemenda- og fjölskyldugjald verður kr. 2.600,-.





**Myndir úr erindi Helga Björnssonar um leitina að týndu herflugvélunum á Grænlandsjökli.**

**Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfván Ágústsson**